

Handbók fyrir fagaðila

Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur

Útgefið 13. janúar 2026. Útgáfa 2.0

Ábyrgð: Endurhæfingarsvið TR





TILGANGUR.....	4
HUGTÖK.....	4
Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur	4
Þjónustuaðilar	5
Meðferðar- og endurhæfingaraðilar	5
Viðurkennd meðferð	5
Staðfesting.....	6
Endurhæfing	6
Endurhæfingaráætlun	6
SKILYRÐI	7
Búsetuskilyrði.....	8
Sérreglur er varða dvalarleyfi.....	9
Mismunandi forsendur sjúkra- og endurhæfingargreiðslna	10
Virk þátttaka í endurhæfingu	10
Viðurkennd meðferð	11
Bið eftir viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu	12
Heilsubrestur kemur í veg fyrir að meðferð/endurhæfing geti hafist	13
Starf og nám samhliða greiðslum.....	14
GREIÐSLUR OG GREIÐSLUTÍMABIL.....	16
Greiðslur	16
Frítekjumörk sjúkra- og endurhæfingargreiðslna:	16
Reiknireglan	17
Aðrir greiðsluflokkar.....	17
Heimilisuppbót	17
Barnalífeyrir	17
Dæmi um útreikning 2025 - án heimilisuppbótar	18
Dæmi um útreikning 2025 - með heimilisuppbót	18
Greiðslutímabil.....	19



Nýtt greiðslutímabil	19
Framlenging eftir 60 mánuði.....	19
Atvinnuleit eftir að endurhæfingu lýkur	20
ÁBYRGÐ ÞJÓNUSTUAÐILA	21
Samstarf þjónustuaðila.....	23
ÞJÓNUSTUGÁTT	24
UMSÓKNARFERLIÐ	25
Hlutverk þjónustuaðila	25
Læknisvottorð – Leiðbeiningar.....	26
Heilsubrestur kemur í veg fyrir að meðferð eða endurhæfing geti hafist - leiðbeiningar	30
Staðfesting á viðurkenndri meðferð - Leiðbeiningar	31
Staðfesting á bið - Leiðbeiningar	32
Endurhæfingaráætlun - Leiðbeiningar	33
Hlutverk umsækjanda	44
Dæmi um umsóknarferil þegar viðkomandi er í virki endurhæfingu	45



TILGANGUR

Tilgangur handbókar um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur er að veita upplýsingar varðandi rétt til sjúkra- og endurhæfingargreiðsla ásamt því að leiðbeina um umsóknarferlið og öflun gagna.

Handbókinni er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skilgreinda þjónustuaðila eða þá sem veita þjónustu í umboði þjónustuaðila og þurfa að útbúa gögn vegna umsókna um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur.

Verklag byggir á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, lögum um félagslega aðstoð, nr.99/2007, reglugerð um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur, nr. 933/2025, og samning um samstarf á sviði endurhæfingar.

HUGTÖK

Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur

Greiðslur sem miða að því að tryggja framfærslu á meðan einstaklingur er í virkri endurhæfingu eða viðurkenndri meðferð vegna heilsubreysts eða fötlunar sem hindrar fulla þátttöku á vinnumarkaði, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Einnig ef viðkomandi er á bið eftir viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu eða þegar heilsubrestur kemur í veg fyrir að viðurkennd meðferð eða endurhæfing geti hafist. Tilgangur viðurkenndrar meðferðar eða endurhæfingar skal vera að auka færni og getu til atvinnuþátttöku, hvort sem er að fullu eða að hluta. Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur eru einnig framfærsla einstaklings sem hefur lokið endurhæfingu hjá þjónustuaðila og er í atvinnuleit. Heimilt er að greiða fyrir atvinnuleit í þrjá mánuði.



Þjónustuaðilar

Eru tilgreindir fagaðilar sem starfa á grundvelli laga við að veita þjónustu í tengslum við endurhæfingu og mynda kerfisbundna heild á landsvísu eða einn fagaðili sem veitir þjónustu á landsvísu. Þjónustuaðilar eru:

- Virk- Starfsendurhæfingarsjóður (Virk)
- Félagsþjónustur sveitarfélaga
- Vinnumálastofnun (VMST)
- Heilbrigðisstofnanir

Meðferðar- og endurhæfingaraðilar

Aðilar, aðrir en TR og þjónustuaðilar, sem veita heilðræna og þverfaglega meðferð eða endurhæfingu. TR og þjónustuaðilum er heimilt að semja við meðferðar- og endurhæfingaraðila um veitingu meðferðar eða endurhæfingar með það að markmiði að auka færni einstaklings til atvinnuþátttöku.

Viðurkennd meðferð

Með viðurkenndri meðferð er átt við rannsókn, aðgerð eða aðra heilbrigðisþjónustu sem lækni eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling og hefur verið gagnreynd sem örugg og árangursrík meðferð gegn tilteknum sjúkdómum, slysum eða áföllum og hefur það markmið að auka færni til atvinnuþátttöku að fullu eða að hluta.

TR metur, í samráði við þjónustuaðila, hvað telst viðeigandi meðferð.

Viðhaldsmeðferð eða skaðaminnkandi meðferð telst ekki til viðurkenndrar meðferðar og getur því ekki verið grundvöllur sjúkra- og endurhæfingargreiðslna. Með viðhaldsmeðferð eða skaðaminnkandi meðferð er átt við meðferð þar sem tilgangurinn er ekki að auka getu viðkomandi til virkni á vinnumarkaði heldur eingöngu að draga úr skaða eða viðhalda til framtíðar tiltekinni getu.



Staðfesting

Þjónustuaðili eða aðili sem veitir þjónustu í umboði þjónustuaðilans, þarf að útbúa staðfestingu þegar viðkomandi sækir um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur vegna viðurkenndrar meðferðar, bið eftir meðferð eða endurhæfingu og þegar heilsubrestur kemur í veg fyrir að meðferð eða endurhæfing geti hafist.

Endurhæfing

Með endurhæfingu er átt við ferli eða röð íhlutana sem hafa það markmið að hámarka, viðhalda eða ná aftur færni einstaklingsins í daglegum aðstæðum eða til atvinnuþátttöku að fulla eða hluta. Endurhæfing tekur mið af stöðu og aðstæðum einstaklingsins og krefst samfellu og samræmdra aðgerða sem byggja á gagnreyndri þekkingu. Margháttað þjónusta fellur undir endurhæfingu, þar á meðal heilbrigðistengd endurhæfing á fyrsta, öðru og þriðja stigi. TR metur í samráði við þjónustuaðila, hvað telst endurhæfing í skilningi laga um almannatryggingar, nr. 100/2007 og hvort hún sé fullnægjandi.

Endurhæfingaráætlun

Endurhæfingaráætlun þarf að vera útbúin af þeim þjónustuaðila sem veitir einstaklingi þjónustu eða sem veitir þjónustu í umboði þjónustuaðilans. Þjónustuaðili þarf að vera heilbrigðismenntaður eða starfa á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar samkvæmt samningum starfsendurhæfingarsjóða við ráðherra. Endurhæfingaráætlunin þarf ávallt að taka mið af heilsufarsvanda umsækjanda með það að markmiði að styðja viðkomandi til að finna heildstæðar lausnir við þeim heilsubresti sem dregur úr færni til atvinnuþátttöku. Áætlunin þarf að vera skýr, markviss og byggja á heildstæðri nálgun sem miðar að því að bæta heilsu umsækjanda og jafnframt efla starfsorku og starfshæfni viðkomandi. Áætlunin þarf að fela í sér fagleg árangursmarkmið og markvissar aðgerðir sem byggjast á einstaklingsbundnu mati hverju sinni.



SKILYRÐI

Markmið sjúkra- og endurhæfingargreiðslna er að tryggja framfærslu einstaklings sem tekur virkan þátt í endurhæfingu, fær viðurkennda meðferð vegna langvarandi, alvarlegs heilsubreysts eða fötlunar sem talið er að geti haft áhrif á framtíðargetu til atvinnuþátttöku. Tilgangur viðurkenndrar meðferðar eða endurhæfingar skal vera að auka færni og getu til atvinnuþátttöku, hvort sem er að fullu eða að hluta. Ekki er heimilt að greiða sjúkra- og endurhæfingargreiðslur þegar um er að ræða tilfallandi veikindi sem valda tímabundnum forföllum frá starfi.

Heimilt er að greiða sjúkra- og endurhæfingargreiðslur til einstaklings að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Leggja þarf fram grunngögn þegar sótt er um greiðslur (sjá nánar í umsóknarferli).

Almenn skilyrði fyrir sjúkra- og endurhæfingargreiðslur:

- Einstaklingur er orðinn 18 ára og hefur ekki náð ellilífeyrisaldri.
- Einstaklingur hafi verið með lögheimili hér á landi í a.m.k. 12 síðustu mánuði áður en til greiðslna kemur, nema annað leiði af milliríkjasamningum (sjá nánar búsetuskilyrði).
- Einstaklingur eigi ekki rétt eða hafi fullnýtt veikindarétt hjá atvinnurekanda og/eða hafi lagt niður reiknað endurgjald hjá Ríkisskattstjóra.
- Einstaklingur þarf að hafa lokið rétti á greiðslum úr sjúkrasjóði stéttarfélags.
- Einstaklingur er ekki með greiðslur frá atvinnuleysistryggingasjóði.
- Einstaklingur þarf að svara sjálfsmatslista vegna umsóknar um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur.

Greiðslur eru reiknaðar frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að skilyrði teljast vera uppfyllt og falla niður í lok þess mánaðar sem greiðslurétti lýkur (sjá nánar greiðslur og greiðslutímabil).




Búsetuskilyrði

Til þess að öðlast rétt til sjúkra- og endurhæfingargreiðslna þarf umsækjandi að uppfylla búsetuskilyrði samkvæmt almannatryggingalögum:

1. **Almenn regla** er að umsækjandi hafi verið með skráð lögheimili á Íslandi í að minnsta kosti 12 mánuði samfelld áður en réttur til greiðslna er metinn.
2. **Samlagningarregla** gildir við mat á þessu skilyrði. Það þýðir að búsetutímabil í öðrum EES-ríkjum, Færeyjum, Grænlandi, Sviss, Bretlandi og Kanada leggjast saman við búsetutímabil á Íslandi til að uppfylla 12 mánaða búsetuskilyrðið.
3. **Bandaríkin** falla einnig undir samlagningarregluna, en með sérstöku viðbótarskilyrði; umsækjandi þarf að hafa starfað á Íslandi í minnst 12 mánuði samantlagt eftir 16 ára aldur.
4. **Tímamark atburðar** sem veldur óvinnufærni er einnig úrslitaatriði. Viðkomandi þarf að hafa orðið óvinnufær á Íslandi svo hægt sé að meta út frá samlagningarreglunni.

Dæmi um þegar viðkomandi flytur frá Svíþjóð til Íslands, verður óvinnufær á Íslandi og getur nýtt samlagningarregluna:





Sérreglur er varða dvalarleyfi

Starfsfólk TR skoðar á hvaða grundvelli dvalarleyfi umsækjanda er. Til þess að umsækjandi geti notið undanþágu sem flóttamaður mun TR afla upplýsinga um dvalarleyfi hjá Útlendingastofnun. Dvalarleyfi geta verið mismunandi eftir aðstæðum einstaklinga og haft mislangan gildistíma. Hægt er að lesa nánar um dvalarleyfi á [vefsvæði Útlendingastofnunar](http://island.is) á island.is.

Réttindi hjá TR geta verið mismunandi eftir tegund dvalarleyfis. Oftast er um að ræða dvalarleyfi með merkingunum *AV* eða *ML*.

- *Dvalarleyfi með merkingunum AV:* Einstaklingur fær dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar en þessi dvalarleyfi skiptast niður í mismunandi flokka. Ekki allir AV-flokkarnir veita fullan rétt á greiðslum frá TR. Um einstaklinga með AV 1 – 4 gildir undanþága um inngönguskilyrði.

Einstaklingur sem er **ekki** með AV 1-4 skal eins og aðrir hafa haft lögheimili og vera tryggður á Íslandi samfelldt í 12 mánuði.

- *Dvalarleyfi með merkingu ML:* Einstaklingur fær dvalarleyfi af mannúðarástæðum og nýtur þar af leiðandi ekki alþjóðlegrar verndar. Fær ekki undanþágu frá inngönguskilyrðum almannatrygginga.



Mismunandi forsendur sjúkra- og endurhæfingargreiðslna

Til að eiga rétt á sjúkra- og endurhæfingargreiðslum þarf, auk almennra skilyrða, að uppfylla eitt eftirtalinna skilyrða um:

- Virka þátttöku í endurhæfingu með starfshæfni að markmiði.
- Taka þátt í viðurkenndri meðferð.
- Bið eftir að viðurkennd meðferð eða endurhæfing hefjist.
- Heilsubrestur kemur í veg fyrir að viðurkennd meðferð eða endurhæfing geti hafist.

Forsendur greiðslna geta breyst þegar líður á endurhæfingartímabil, valin er sú forsenda sem best á við stöðu einstaklings hverju sinni, t.d. getur einstaklingur óskað eftir greiðslum á bið í 6 mánuði, þegar þeim mánuðum lýkur hefur hann þegar hafið endurhæfingu í því úrræði sem beðið er eftir og þá er sótt um framlengingu með því að skila inn endurhæfingaráætlun.

Hægt er að fylla út staðfestingar og endurhæfingaráætlanir í starfskerfum þjónustuaðila. Gögnin er síðan sótt rafrænt af TR þegar umsækjandi sækir um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur. Einnig er hægt að nálgast staðfestingar og endurhæfingaráætlunina á eftirfarandi slóð: [Fyrir fagaðila | Tryggingastofnun](#) undir Eyðublöð. Ef gögnin eru ekki fyllt út rafrænt þurfa þau að berast í gegnum Signet Transfer frá fagaðila.

Virki þátttaka í endurhæfingu

Þegar einstaklingur er í endurhæfingu með starfshæfni að markmiði þarf auk grunnagna að útbúa *endurhæfingaráætlun* til að tryggja að einstaklingurinn fái framfærslu á meðan hann er að sinna endurhæfingu.



Endurhæfingaráætlun þarf að vera útbúin af þeim þjónustuaðila sem veitir einstaklingi þjónustu eða sem veitir þjónustu í umboði þjónustuaðilans. Mikilvægt er að skrá dagsetningu upphafs endurhæfingar og áætluð lok hennar í áætlunina.

Greiðsluréttur stofnast frá þeim degi sem endurhæfing með starfshæfni að markmiði hefst. Greiðslur eru reiknaðar frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að skilyrði teljast vera uppfyllt og falla niður í lok þess mánaðar sem greiðslurétti lýkur.

Hægt er að fá greiðslur samþykktar í allt að 12 mánuði í senn, þó skal aldrei samþykkt til lengri tíma en áætlun frá þjónustuaðila gerir ráð fyrir.

Þegar sótt er um **framlengingu greiðslna** vegna áframhaldandi endurhæfingar þarf að útbúa *endurhæfingaráætlun*. Þá er mikilvægt að setja inn dagsetningu frá síðustu greiðslu til að gæta að samfellu greiðslna.

Þjónustuaðila er skylt að tilkynna TR ef rof verður á endurhæfingu, ef viðkomandi sinnir ekki þeirri áætlun sem lagt var upp með eða ef aðstæður breytast.

Viðurkennd meðferð

Þegar einstaklingur er í viðurkenndri meðferð þarf, auk grunngagna, að útbúa *staðfestingu á viðurkenndri meðferð* til að tryggja að einstaklingurinn fái framfærslu á meðan hann er í viðurkenndri meðferð.

Staðfestingar þurfa að vera útbúnaðar af þjónustuaðila sem veitir einstaklingi þjónustu eða aðila sem veitir þjónustu í umboði þjónustuaðilans. Mikilvægt er að skrá dagsetningu á upphaf viðurkenndrar meðferðar og áætluð lok hennar í staðfestingunni.

Greiðsluréttur stofnast frá þeim degi sem viðurkennd meðferð hefst. Greiðslur eru reiknaðar frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að skilyrði teljast vera uppfyllt og falla niður í lok þess mánaðar sem greiðslurétti lýkur.

Hægt er að fá greiðslur samþykktar í allt að 12 mánuði í senn, þó skal aldrei samþykkt til lengri tíma en staðfestingar þjónustuaðila kveða á um.



Þegar sótt er um **framlengingu greiðslna** vegna áframhaldandi meðferðar þarf að útbúa nýja *staðfestingu á viðurkenndri meðferð*. Þá er mikilvægt að sækja um frá lokum síðustu samþykktar, til að gæta að samfelli greiðslna.

Þjónustuaðila er skylt að tilkynna TR ef rof verður á meðferð. TR er jafnframt skylt að sinna slíku eftirliti og tryggja að skilyrði fyrir greiðslum séu uppfyllt.

Bið eftir viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu

Getur átt við þegar einstaklingur er að biðja eftir að hefja viðurkennda meðferð eða endurhæfingu sem þegar hefur verið sótt um.

Þegar einstaklingur er á bið eftir viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu þarf, auk grunngagna, að útbúa *staðfestingu á bið eftir viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu* til að tryggja að einstaklingurinn fái framfærslu á meðan hann er á bið eftir viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu.

Þjónustuaðili eða sá aðili sem veitir þjónustu í umboði þjónustuaðilans ber ábyrgð á því að staðfesta að einstaklingur komist að í viðurkennda meðferð eða endurhæfingu innan tiltekins tíma. Mikilvægt er að skrá dagsetningu á upphafi biðar og áætluð lok hennar í staðfestingunni.

Þjónustuaðilar skulu meta hvort sennilegt megi telja að einstaklingur muni taka þátt í þeirri meðferð eða endurhæfingu sem beðið er eftir. Þjónustuaðilum er skylt að tilkynna TR tafarlaust um breytingu á því mati á biðtímanum.

Greiðsluréttur stofnast frá þeim degi sem bið á biðlista fyrir endurhæfingu eða viðurkenndri meðferð er staðfest. Greiðslur eru reiknaðar frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að skilyrði teljast vera uppfyllt og falla niður í lok þess mánaðar sem greiðslurétti lýkur.

Hægt er að fá greiðslur samþykktar samkvæmt þessu ákvæði í allt að 6 mánuði í senn, þó skal aldrei samþykkt til lengri tíma en staðfestingar þjónustuaðila kveða á um.



Þegar sótt er um **framlengingu greiðslna** vegna áframhaldandi biðar þarf að útbúa *staðfestingu á bið eftir viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu*.

Ef einstaklingur sem hefur þegið greiðslur, hefur ekki meðferð eða endurhæfingu í kjölfarið, þrátt fyrir að eiga kost á því, fær hann ekki greiddar sjúkra- og endurhæfingargreiðslur að nýju fyrr en hann hefur meðferð eða endurhæfingu.

Heilsubrestur kemur í veg fyrir að meðferð/endurhæfing geti hafist

Heilsubrestur telst koma í veg fyrir að fyrirhuguð meðferð eða endurhæfing geti hafist þegar einstaklingur er að ná heilsu eftir sjúkdóm, slys eða áfall og tími þarf að líða áður en hann getur farið í læknisfræðilega aðgerð eða hafið endurhæfingu svo að viðunandi árangur náist og að það þjóni því markmiði að stuðla að aukinni færni til atvinnuþátttöku að fullu eða að hluta.

Þegar það er mat þjónustuaðila að einstaklingur sé ekki fær um að sinna meðferð eða endurhæfingu vegna heilsubrests, þarf auk grunngagna, að útbúa *staðfestingu á að heilsubrestur komi í veg fyrir að viðurkennd meðferð eða endurhæfing geti hafist* til að tryggja að einstaklingurinn fá framfærslu á meðan tímabilinu stendur.

Staðfestingar þurfa að vera útbúnar af þjónustuaðila sem veitir einstaklingi þjónustu eða aðila sem veitir þjónustu í umboði þjónustuaðilans.

Í staðfestingum þarf að koma fram hvenær einstaklingur verður fær um að taka þátt í viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu, þ.e. að áætlað sé að hefja meðferð eða endurhæfingu innan tiltekins tíma. Mikilvægt er að skrá dagsetningu á upphafi heilsubrests og hvenær áætlað sé að viðkomandi geti hafið viðurkennda meðferð eða endurhæfingu.

Greiðsluréttur stofnast frá þeim degi sem það er mat þjónustuaðila eða þeirra sem veita þjónustu í umboði þjónustuaðilans að heilsubrestur einstaklings sé það mikill að hann sé ekki fær um að sinna endurhæfingu eða viðurkenndri meðferð. Greiðslur eru



reiknaðar frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að skilyrði teljast vera uppfyllt og falla niður í lok þess mánaðar sem greiðslurétti lýkur.

Hægt er að fá greiðslur samþykktar samkvæmt þessu ákvæði í allt að 6 mánuði í senn, þó skal aldrei samþykkt til lengri tíma en staðfestingar þjónustuaðila kveða á um.

Þegar sótt er um **framlengingu greiðslna** vegna áframhaldandi heilsubrests þarf að útbúa nýja *staðfestingu á því að heilsubrestur komi í veg fyrir að viðurkennd meðferð eða endurhæfing geti hafist*. Þá er mikilvægt að setja inn dagsetningu frá því að síðasta greiðsla kom, til að gæta að samfellu greiðslna.

Starf og nám samhliða greiðslum

Almennt er miðað við að heilsubrestur eða fötlun valdi því að einstaklingur geti hvorki stundað vinnu né nám þegar sótt er um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur. Nám eða þátttaka á vinnumarkaði að hluta, þar á meðal vinnuþrófun, sem stuðla að aukinni starfshæfni umsækjanda, geta þó talist vera liður í endurhæfingu eða viðurkenndri meðferð. Þó skal ætíð horft til þess að nám eða þátttaka á vinnumarkaði sé ekki svo umfangsmikil að eigi gefist svigrúm til að sinna þeim endurhæfingarúrræðum eða viðurkenndri meðferð sem tekur á heilsufarsvanda. Námið verður auk þess að vera líklegt til að auka líkur á endurkomu á vinnumarkað.

Heimilt er að stunda nám á framhaldsskólastigi sem nemur að hámarki 12 einingum eða á háskólastigi sem nemur að hámarki 12 ECTS-einingum á námsönn enda sé um svo lágt námshlutfall að ræða að námið teljist ekki lánshæft hjá Menntasjóði námsmanna.

TR er þó heimilt að meta þegar sérstaklega stendur á hvort sá er stundar nám á framhaldsskólastigi sem nemur allt að 20 einingum eða á háskólastigi sem nemur allt að 20 ECTS-einingum á námsönn uppfylli skilyrði enda sé um svo lágt námshlutfall að ræða að námið teljist ekki lánshæft hjá Menntasjóði námsmanna.



TR er einnig heimilt að meta fjölda eininga sérstaklega þegar einstaklingur er með staðfesta fötlunargreiningu og er á sérnámsbraut eða starfsbraut enda sé námið að jafnaði ekki lánshæft hjá Menntasjóði námsmanna.

TR leggur mat á hvort starf eða nám samræmist endurhæfingu á grundvelli staðfestingar frá vinnuveitanda eða skóla.



GREIÐSLUR OG GREIÐSLUTÍMABIL

Greiðslur

Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur samanstanda af grunngreiðslum og viðbótargreiðslum árið 2025: frá 1 september 2025

Réttindi	á mánuði fyrir skatt	á ári
Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur	416.950 krónur	5.003.400 krónur
Heimilisuppbót	69.126 krónur	829.512 krónur

Þau sem fá sjúkra- og endurhæfingargreiðslur eiga ekki rétt á aldursviðbót. Fjárhæð sjúkra- og endurhæfingargreiðslna er ekki háð réttindaávinnslu.

Frítekjumörk sjúkra- og endurhæfingargreiðslna:

Réttindi	Frítekjumark á mánuði
Almennt frítekjumark	42.080 krónur

Réttindi	Tegund tekna	Frítekjumark á mánuði
Sérstakt frítekjumark	Atvinnutekjur	168.320 krónur



Reiknireglan

Fjárhæð fullra sjúkra- og endurhæfingargreiðslna skal lækka um 45% af eigin tekjum einstaklinga umfram frítekjumörk uns greiðslur falla niður. Uppfylli einstaklingur jafnframt skilyrði fyrir greiðslu heimilissuppbótar samkvæmt lögum um félagslega aðstoð skal samanlögð fjárhæð greiðslna lækka um 45% af tekjum umfram frítekjumörk.

Að meginreglu teljast til tekna allar skattskyldar tekjur. Eftirfarandi tekjur teljast þó ekki til tekna:

- Greiðslur TR
- Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga
- Greiðslur úr viðbótarlífeyrissparnaði
- Lífeyrir almannatrygginga frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við, í samræmi við nánari ákvæði samninganna.

Til tekna teljast einnig tekjur sem aflað er erlendis og ekki eru taldar fram hér á landi. Tekjur maka hafa ekki áhrif á útreikning greiðslna nema fjármagnstekjur sem skiptast til helminga milli hjóna við útreikning greiðslna.

Almenna reglan er sú að tekjur sem koma til á greiðsluári teljast til tekna við útreikning á greiðslurétti alls ársins, 1/12 fyrir hvern mánuð. Ef tekna er til dæmis aflað fyrri hluta árs, er þeim dreift á alla 12 mánuði ársins. Þetta á ekki við um atvinnutekjur en heimilt er að telja atvinnutekjur til tekna einungis í þeim mánuði þegar þeirra er aflað.

Aðrir greiðsluflokkar

Heimilissuppbót er viðbót við lífeyrisgreiðslur og sjúkra- og endurhæfingargreiðslur. Hún bætist ofan á greiðslur hjá einstaklingum sem fá sjúkra- og endurhæfingargreiðslur og búa einir á Íslandi.

Barnalífeyrir er greiddur foreldri eða framfæranda sem fær greiddar sjúkra- og endurhæfingargreiðslur. Fjárhæð barnalífeyris er föst fjárhæð og er ekki tekjutengd. Upphæð hans er 50.634 kr. á mánuði.



Dæmi um útreikning 2026 - án heimilisuppbótar

TEKJUR Á MÁNUÐI

Lífeyrissjóðstekjur	169.000 kr
Fjármagnstekjur	1.000 kr
Viðmiðunartekjur	170.000 kr
Almennt frítekjumark	42.080 kr
Viðmiðunartekjur umfram frítekjumörk	127.920 kr
Lækkunarhlutfall	45%
Lækkun á greiðslum	57.564 kr


Atvinnutekjur	300.000 kr
Viðmiðunartekjur	300.000 kr
Frítekjumark atvinnutekna	168.320 kr
Viðmiðunartekjur umfram frítekjumörk	131.680 kr
Lækkunarhlutfall	45%
Lækkun á greiðslum	59.256 kr

Samtals lækkun á greiðslum 116.820 kr

GREIÐSLUR

Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur	416.950 kr
Samtals lækkun á greiðslum	116.820 kr
Greiðsla	300.130 kr

Útreikningur sjúkra- og endurhæfingargreiðslna án heimilisuppbótar



Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur án heimilisuppbótar: 416.950 kr

Dæmi um útreikning 2026 - með heimilisuppbót

TEKJUR Á MÁNUÐI

Lífeyrissjóðstekjur	169.000 kr
Fjármagnstekjur	1.000 kr
Viðmiðunartekjur	170.000 kr
Almennt frítekjumark	42.080 kr
Viðmiðunartekjur umfram frítekjumörk	127.920 kr
Lækkunarhlutfall	45%
Lækkun á greiðslum	57.564 kr


Atvinnutekjur	300.000 kr
Viðmiðunartekjur	300.000 kr
Frítekjumark atvinnutekna	168.320 kr
Viðmiðunartekjur umfram frítekjumörk	131.680 kr
Lækkunarhlutfall	45%
Lækkun á greiðslum	59.256 kr

Samtals lækkun á greiðslum 116.820 kr

GREIÐSLUR

Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur	416.950 kr
Heimilisuppbót	69.126 kr
Samtals	486.076 kr
Samtals lækkun á greiðslum	116.820 kr
Greiðsla	369.256 kr

Útreikningur sjúkra- og endurhæfingargreiðslna með heimilisuppbót



Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur með heimilisuppbót: 486.076 kr



Greiðslutímabil

Almennt er heimilt að greiða sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í samtals 60 mánuði. Þó er hægt að framlengja heildartímabil greiðslna um 24 mánuði fyrir einstaklinga í mjög viðkvæmri stöðu sem vegna fjölþætts vanda er talinn þarfnast frekari viðurkenndrar meðferðar eða endurhæfingar til að stuðla að endurkomu á vinnumarkað.

Heimilt er að samþykkja sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í allt að 6-12 mánuði í senn. Þó skal aldrei samþykkt til lengri tíma en staðfestingar þjónustuaðila kveða á um eða gert er ráð fyrir samkvæmt endurhæfingaráætlun.

Ef upplýsingar í umsókn, staðfestingum eða áætlun þykja óljósar getur greiðslutímabil verið samþykkt til styttri tíma en óskað er eftir.

Nýtt greiðslutímabil

Einstaklingur getur átt rétt á því að hefja nýtt greiðslutímabil:

- ef að minnsta kosti þrjú ár eru liðin frá síðustu greiðslu sjúkra- og endurhæfingargreiðslna.
- ef einstaklingur glímir við langvarandi eða alvarlegan heilsubrest sem er afleiðing af öðrum sjúkdómi, slysi eða áfalli en á liðnu endurhæfingartímabili og er talinn geta haft áhrif á getu einstaklings til virkni á vinnumarkaði.

Framlenging eftir 60 mánuði

Heimilt er að framlengja greiðslur um allt að 24 mánuði, umfram 60 mánuði, ef einstaklingur er í viðkvæmri stöðu með fjölþættan vanda og frekari meðferð/endurhæfing er talin raunhæf og nauðsynleg að mati TR til að stuðla að endurkomu á vinnumarkað.



Með fjölþættum vanda er átt við einstakling sem hefur þörf fyrir viðvarandi fjölþættum stuðningi þjónustukerfa félags- og heilbrigðismála og leitar því eftir þjónustu í tengslum við endurhæfingu hjá fleiri en einum fagaðila, jafnvel á sama tíma.

Við mat á framlengingu er litið til eftirfarandi atriða:

- hvort unnið sé með þá þætti í endurhæfingaráætlun sem taka heildsætt á vanda einstaklings
- hvort framlenging greiðslutímabils geti stuðlað enn frekar að starfshæfni einstaklings eða endurkomu á vinnumarkað
- hvort stígandi sé í framvindu endurhæfingar
- aldurs umsækjanda og áhugahvatar

Þjónustuaðili skal endurskoða framangreint með reglubundnum hætti út frá faglegum árangursmarkmiðum í endurhæfingaráætlun.

Atvinnuleit eftir að endurhæfingu lýkur

Heimilt er að greiða sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í 3 mánuði eftir að endurhæfingu lýkur ef einstaklingur er skráður í atvinnuleit hjá Vinnumálastofnun eða öðrum þjónustuaðila og samþætt sérfræðimat liggur ekki fyrir þar sem einstaklingurinn er metinn með 50% eða minni getu til virkni á vinnumarkaði.



ÁBYRGÐ ÞJÓNUSTUAÐILA

Samkvæmt reglugerð eru VIRK, félagsþjónustur sveitafélaga, VMST og heilbrigðisstofnanir skilgreindir þjónustuaðilar.

Hlutverk þjónustuaðila er að meta þörf fyrir meðferð/endurhæfingu, skipuleggja, leiðbeina og halda utan um hana í samvinnu við einstaklinginn. Þjónustuaðili skal kynna sér aðstæður einstaklingsins, gera þeim grein fyrir réttindum þeirra til sjúkra- og endurhæfingargreiðslna og leiðbeina með þau gögn sem þurfa að fylgja umsókn. Þau gögn sem þjónustuaðili getur þurft að leggja fram eru; staðfesting um viðurkennda meðferð, staðfesting á bið, staðfesting á að heilsubrestur komi í veg fyrir að viðurkennd meðferð eða endurhæfing geti hafist eða endurhæfingaráætlun.

Ávallt skal taka mið af þeim heilsubresti sem veldur óvinnufærni og hafa það markmið að stuðla að betri heilsu og aukinni virkni. Umfang og innihald staðfestinga og endurhæfingaráætlana ræðst af þörfum einstaklingsins og skal þjónustuaðili leggja mat á það hvort sú viðurkennda meðferð eða endurhæfing sem fyrirhuguð er, sé fullnægjandi með tilliti til markmiðs viðurkenndrar meðferðar eða endurhæfingar, þar á meðal viðmið um ástundun og viðtöl.

Þjónustuaðili skal vera leiðbeinandi og í góðri samvinnu við einstaklinginn varðandi meðferðir og þau endurhæfingarúrræði sem henta best. Stuðningur þjónustuaðila getur falið í sér persónulegan stuðning, skipulagningu meðferðar eða endurhæfingar, auk samvinnu við aðra þjónustuaðila.

Þjónustuaðili skal tryggja að þau gögn sem send eru frá þeim vegna umsóknar um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur séu fullnægjandi og útfyllt á réttu formi í samræmi við kröfur TR. Einnig þurfa gögnin að uppfylla lagaskilyrði varðandi innihald meðferðar/endurhæfingar.



Viðkomandi þjónustuaðili skal hafa eftirlit með því að einstaklingur sinni meðferð eða endurhæfingu og að endurhæfingaráætlun sé framfylgt. TR hefur einnig heimild til að sinna slíku eftirliti og ber að hafa eftirlit með því að skilyrðum fyrir greiðslum séu að öðru leiti uppfyllt.

Þjónustuaðila er skylt að tilkynna TR tafarlaust um það ef rof verður á meðferð eða endurhæfingu eða ef slíkt rof er fyrirséð, til dæmis ef aðstæður breytast á meðferðar- eða endurhæfingartímabilinu, hvort heldur er tímabundið eða varanlega. Sama á við ef meðferð eða endurhæfingu lýkur fyrir áætlaðan tíma eða ef einstaklingur sinnir ekki meðferð eða endurhæfingu samkvæmt staðfestingu/endurhæfingaráætlun.

Þjónustuaðili þarf ávallt að meta árangur af viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu í samstarfi við einstaklinginn sjálfan. Endurmatið felur í sér að meta hvort þeim markmiðum sem sett hafi verið fram í fyrri staðfestingu eða endurhæfingaráætlun hafi verið náð. Ef þau markmið sem lagt var upp með hafa ekki náðst er mikilvægt að skoða ástæður þess heildrænt og endurskoða áætlunina eða þá meðferð sem einstaklingurinn er að sinna. Skoða þarf hvort sú meðferð eða áætlun sé áfram í gildi eða hvort endurskoða þurfi og setja upp nýja áætlun um meðferð/endurhæfingu.

Þegar markmiðum endurhæfingar er náð og einstaklingurinn getur snúið aftur til vinnu eða náms lýkur sjúkra- og endurhæfingargreiðslum. Mikilvægt er að ákvarða lok meðferðar eða endurhæfingar í samráði við einstaklinginn sjálfan og þá fagaðila sem að hans máli koma.

Ef um varanlega skerta starfsgetu er að ræða getur markmið meðferðar og endurhæfingar verið að viðhalda virkni og virknigetu, koma í veg fyrir versnandi ástand og auka lífsgæði. Ef mat þjónustuaðila er að skerðing á starfsgetu sé langvarandi eða varanleg getur næsta skref fyrir einstaklinginn verið að sækja um



örorkulífeyrir. Hægt er að kynna sér *Handbók um örorkulífeyri á fagaðilasiðu* TR: <https://island.is/s/tryggingastofnun/fyrir-fagadila>

Samstarf þjónustuaðila

Þörf fyrir samstarf þjónustuaðila vegna einstaklinga er mismikil. Í flestum tilfellum er engin þörf á samstarfi en sumir einstaklingar geta haft mikla þörf fyrir samvinnu mismunandi þjónustuaðila til að endurheimta vinnugetu. Er þá einkum átt við einstaklinga sem eiga við fjölþættan vanda að stríða og þurfa aðgang að mismunandi þjónustuaðilum vegna síns heilsufarsvanda.

Þjónustuaðilum er skylt að starfrækja samhæfingarteymi sem hafa það hlutverk að tryggja að einstaklingar sem þurfa þjónustu fleiri en eins þjónustuaðila njóti heildstæðrar nálgunar í endurhæfingu. Það er gert með því að stuðla að samfelli í þjónustu einstaklings og hafa yfirsýn yfir framgang endurhæfingar með aukna virkni til getu á vinnumarkaði að leiðarljósi.




ÞJÓNUSTUGÁTT

Þjónustugáttin er sameiginleg gátt allra þjónustuaðila og mikilvægur þáttur í samstarfi. Með þjónustugáttinni er tryggt að nauðsynlegar upplýsingar séu aðgengilegar öðrum þjónustuaðilum, þar á meðal þær sem geta talist viðkvæmar, eins og heilsufarsupplýsingar og upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga.

- Í sumum tilvikum nægir að einn þjónustuaðili annist endurhæfinguna.
- Ef einstaklingur þarf á *fleiri en einum* aðila að halda (t.d. VIRK, félagsþjónustu og heilbrigðisstofnun) getur formlegt samstarf verið nauðsynlegt og þá hægt að deila upplýsingum, meðal annars heilsufarsupplýsingum og félagslegum gögnum, með öruggum hætti.
- Með þjónustugáttinni er reynt að tryggja að nauðsynleg gögn séu aðgengileg þeim sem koma að máli einstaklingsins.

Þjónustugátt





UMSÓKNARFERLIÐ

Hlutverk þjónustuaðila

Svo hægt sé að meta rétt til sjúkra- og endurhæfingargreiðslna þurfa að liggja fyrir ákveðin gögn. Um það hvernig ákvarða skuli hvaða gögn eiga við hverju sinni vísast til nánari útlistunar á mismunandi forsendum fyrir sjúkra- og endurhæfingargreiðslum ofar í handbókinni.

Þau gögn sem þjónustuaðili þarf að útbúa eru eftirfarandi:

- Læknisvottorð
- Endurhæfingaráætlun (ef viðkomandi er í virkri endurhæfingu)
- Staðfesting á;
 - viðurkenndri meðferð
 - bið eftir meðferð eða endurhæfingu
 - heilsubrestur kemur í veg fyrir meðferð eða endurhæfingu

Gögnin eru útbúin í starfskerfum þjónustuaðila og sótt af TR rafrænt í gegnum þjónustugáttina þegar umsækjandi sækir um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur. Hins vegar geta endurhæfingaráætlanir og staðfestingar borist frá þjónustuaðila eða þeim aðilum sem veita þjónustu í umboði þjónustuaðila, í gegnum Signet Transfer. Á eftirfarandi slóð: [Fyrir fagaðila | Tryggingastofnun](#) undir Eyðublöð eru stöðluð form fyrir staðfestingar og endurhæfingaráætlun.

Þegar einstaklingur sækir um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í fyrsta skipti, þarf að liggja fyrir læknisvottorð, staðfesting eða endurhæfingaráætlun.

Þegar einstaklingur sækir um áframhaldandi sjúkra- og endurhæfingargreiðslur þarf einungis að liggja fyrir staðfesting eða endurhæfingaráætlun. TR hefur þó heimild til að óska eftir nýju læknisvottorði ef talin er þörf á því.

Hér koma leiðbeiningar um hvernig læknisvottorð, staðfestingar og endurhæfingaráætlun eru fyllt út.



Læknisvottorð – Leiðbeiningar

Fylla þarf út ákveðnar grunnupplýsingar

Nafn umsækjanda:		Kennitala	
Heimilisfang:		Póstnr:	Staður
Sími:	Netfang:		

Nafn læknis: Læknisnúmer: Starfsstöð: Símanr: Netfang:	Dagsetning síðustu skoðunar: Dagsetning vottorðs:
--	--

Einnig þarf að velja dagsetningu þegar umsækjandi varð óvinnufær vegna núverandi heilsubrests.

Valdar eru þær ICD- greiningar, hægt er að velja að lágmarki eina og að hámarki þrjár sem valda megin heilsubresti, en hægt er að velja þrjár til viðbótar ef það á við.

Skráð er stutt og hnitmiðuð samantekt um fyrri sjúkra- og heilsufarssögu umsækjanda - ef læknir telur sig ekki hafa nægilegar forsendur til að skrá fyrri sögu merkir hann við *Veit ekki*.

Skráð er stutt og hnitmiðuð samantekt á því hvernig megin heilsubrestur umsækjanda kemur fram í daglegu lífi - ef læknir telur sig ekki hafa nægilegar forsendur til að skrá samantekt á megin heilsubresti merkir hann við *Veit ekki*.



Nánara mat á stöðu umsækjanda með tilliti til líkamlegs-, andlegs-, virkni og þátttökuvanda

Hér er lagt mat á áhrif líkamlegs, andlegs, virkni- og þátttöku vanda viðkomandi á 6 punkta kvarða, eftir því sem við á.

	Líkamleglegur vandi: Líkamlegur vandi vísar til skerðinga eða truflana á líkamlegri starfsemi eða uppbyggingu líkamans. Vandinn getur stafað af sjúkdómum, meiðslum eða öðrum líkamlegum áföllum. Slíkur vandi getur haft áhrif á hreyfigetu, líkamsstöðu, skynjun, kraft, verki eða aðra líkamlega eiginleika og þannig takmarkað getu umsækjanda til að sinna daglegum athöfnum.						
<i>Vinsamlega merkið við hversu mikið líkamlegur vandi hefur áhrif á daglegt líf umsækjanda</i>	0 Engin áhrif (óveruleg að smávægileg áhrif á daglegt líf)	1 Væg áhrif (mild eða lítil áhrif á daglegt líf)	2 Miðlungs áhrif (nokkur eða meðal áhrif á daglegt líf)	3 Mikil áhrif (alvarleg eða veruleg áhrif á daglegt líf)	4 Mjög mikil áhrif (algjör eða altæk áhrif á daglegt líf)	5 Get ekki metið	Á ekki við
	Frekari útskýring varðandi líkamlegan vanda:						

	Andlegur vandi: Andlegur vandi vísar til skerðinga eða frávika í starfsemi hugans eða tilfinningalífs. Vandinn getur stafað af sjúkdómum, meiðslum eða öðrum áföllum. Slíkur vandi nær meðal annars til skynjunar, jafnvægis í tilfinningalífi, einbeitingu, minni, samskipta- eða aðlögunarhæfni og þannig takmarkað getu einstaklings til að sinna daglegum athöfnum.						
<i>Vinsamlega merkið við hversu mikið andlegur vandi hefur áhrif á daglegt líf umsækjanda</i>	0 Engin áhrif (óveruleg að smávægileg áhrif á daglegt líf)	1 Væg áhrif (mild eða lítil áhrif á daglegt líf)	2 Miðlungs áhrif (nokkur eða meðal áhrif á daglegt líf)	3 Mikil áhrif (alvarleg eða veruleg áhrif á daglegt líf)	4 Mjög mikil áhrif (alvarleg eða veruleg áhrif á daglegt líf)	5 Get ekki metið	Á ekki við
	Frekari útskýring varðandi andlegan vanda:						



	Virgni- og þátttökuvandi: Virgni og þátttöku vandi vísar til getu við að taka þátt í samfélaginu og sinna daglegum athöfnum. Vandinn getur stafað af sjúkdómum, meiðslum, öðrum áföllum og umhverfisþáttum. Slíkur vandi getur falið í sér takmarkanir á getu til að sinna eða uppfylla hlutverk í fjölskyldu, tómstundum, námi, vinnu eða öðrum félagslegum aðstæðum.						
<i>Vinsamlega merkið við hversu mikið virgni- og þátttöku vandi hefur áhrif á daglegt líf umsækjanda</i>	0 Engin áhrif (óveruleg að smávægileg áhrif á daglegt líf)	1 Væg áhrif (mild eða lítil áhrif á daglegt líf)	2 Miðlungs áhrif (nokkur eða meðal áhrif á daglegt líf)	3 Mikil áhrif (alvarleg eða veruleg áhrif á daglegt líf)	4 Mjög mikil áhrif (alvarleg eða veruleg áhrif á daglegt líf)	5 Get ekki metið	Á ekki við
	Frekari útskýring varðandi andlegan vanda:						

Sótt er um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur

☐ Læknir gerir staðfestingu/endurhæfingaráætlun

☐ Annar þjónustuaðili gerir staðfestingu/endurhæfingaráætlun

☐ Annar þjónustuaðili gerir staðfestingu/endurhæfingaráætlun: Ef læknir gerir staðfestingu/endurhæfingaráætlun þá er valið um eitt af þessum skilyrðum. Einnig getur annar heilbrigðismenntaður fagaðili gert eftirfarandi staðfestingar:

☐ **Heilsubrestur kemur í veg fyrir að viðurkennd meðferð eða endurhæfing geti hafist:** Sótt er um greiðslur á meðan heilsubrestur kemur í veg fyrir að umsækjandi geti hafið viðurkennda meðferð eða endurhæfingu.

☐ **Viðurkennd meðferð:** Sótt er um greiðslur vegna viðurkenndrar meðferðar, þegar mat læknis eða þjónustuaðila er að umsækjandi geti ekki sinnt endurhæfingu vegna heilsubrests **og er í viðurkenndri meðferð.**

☐ **Bið eftir úrræði:** Hægt er að sækja um greiðslur vegna biðar þegar sótt hefur verið um viðurkennda meðferð eða endurhæfingu **og um er að ræða bið eftir að meðferð eða endurhæfing hefjist.**



□ Endurhæfing: Sótt er um greiðslur vegna endurhæfingar þegar umsækjandi er í virkri endurhæfingu með það að markmiði að stuðla að aukinni færni til atvinnuþátttöku að fullu eða hluta.

Ef annar þjónustuaðili gerir endurhæfingaráætlun eða staðfestingar þá þarf að fylla inn ákveðnar grunnupplýsingar

Nafn umsækjanda:		Kennitala	
Heimilisfang:		Póstnr:	Staður
Sími:	Netfang:		

Nafn fagaðila: Starfsheiti: Starfsstöð: Símanr: Netfang:	Dagsetning útfyllingar:
--	-------------------------



Heilsubrestur kemur í veg fyrir að meðferð eða endurhæfing geti hafist - leiðbeiningar

<https://island.is/s/tryggingastofnun/fyrir-fagadila> (neðst á síðunni)

Vinsamlega greinið frá þeim heilsubresti sem kemur í veg fyrir að umsækjandi geti hafið viðurkennda meðferð eða endurhæfing

- Hér er skráð lýsing á þeim heilsubresti sem kemur í veg fyrir að viðurkennd meðferð eða endurhæfing geti hafist.

Hefur umsækjandi verið áður í viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu

☐ Nei

☐ Já

Ef já – þá þarf að skýra nánar og ef sótt er um áframhaldandi greiðslur er óskað eftir upplýsingum um framvindu

- Hvaða viðurkennda meðferð eða endurhæfing hefur verið reynd áður og einnig þarf að lýsa framvindu

Ákveðin er áætluð tímalengd sem sótt er um:

- Hægt er að sækja um ó mánuði í einu, einungis er hægt að velja heila mánuði.



Staðfesting á viðurkenndri meðferð - Leiðbeiningar

<https://island.is/s/tryggingastofnun/fyrir-fagadila> (neðst á síðunni)

Tegund meðferðar er valin í fellilista, ef sú meðferð sem um ræðir er ekki í fellilistanum er hægt að skrá inn hver hún er undir Annað.

Hefur umsækjandi verið áður í viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu

☐ Nei

☐ Já

Ef já – þá þarf að skýra nánar og ef sótt er um áframhaldandi greiðslur er óskað eftir upplýsingum um framvindu

- Hvaða viðurkennda meðferð eða endurhæfing hefur verið reynd áður og einnig þarf að lýsa framvindu

Ákveðin er áætluð tímalengd sem sótt er um –

- Hægt er að sækja um 12 mánuði í einu, einungis er hægt að velja heila mánuði.



Staðfesting á bið - Leiðbeiningar

EFTIR:

☐ VIÐURKENNDRI MEÐFERÐ

☐ ENDURHÆFINGU

<https://island.is/s/tryggingastofnun/fyrir-fagadila> (neðst á síðunni)

Tegund þess úrræðis sem sótt hefur verið um og beðið er eftir er er valin í fellilista, ef sú meðferð sem um ræðir er ekki í fellilistanum er hægt að skrá inn hver hún er undir Annað.

Óskað er svo eftir rökstuðning fyrir vali á úrræðum.

Hefur umsækjandi verið áður í viðurkenndri meðferð eða endurhæfingu

☐ Nei

☐ Já

Ef já – þá þarf að skýra nánar og ef sótt er um áframhaldandi greiðslur er óskað eftir upplýsingum um framvindu, útskýringu á stöðu biðar í úrræði og ástæða þess ef breytt var um úrræði á meðan beðið var

- Hvaða viðurkennda meðferð eða endurhæfing hefur verið reynd áður og einnig þarf að lýsa framvindu. Einnig þarf að útskýra ef umsækjandi er enn á bið og hver ástæða breytingar á úrræði er ef það á við.

Ákveðin er áætluð tímalengd sem sótt er um

- Hægt er að sækja um 6 mánuði í einu, einungis er hægt að velja heila mánuði.



Endurhæfingaráætlun - Leiðbeiningar

<https://island.is/s/tryggingastofnun/fyrir-fagadila> (neðst á síðunni)

Staða umsækjanda gagnvart vinnumarkaði eða námi í dag

- ☐ Er í fullu starfi
- ☐ Er í hlutastarfi (hlutfall starfs (%))
- ☐ Er í vinnuprófun
- ☐ Er í atvinnuleit
- ☐ Er á vinnusamningi (hlutfall starfs (%))
- ☐ Er í ólaunuðu starfi/sjálfsboðavinnu
- ☐ Er óvinnufær að fullu
- ☐ Er í fullu námi
- ☐ Er í hlutanámi (fjöldi eininga)
- ☐ Er í hlutavinnu og hlutanámi
- ☐ Er á starfsbraut

Staða umsækjanda í dag

Skýrðu stuttlega frá stöðu umsækjanda, megin heilsubresti og hvernig hann kemur fram í daglegu lífi:

Fyrri viðurkennd meðferð eða endurhæfing

Skýrðu stuttlega frá því hver fyrri viðurkennd meðferð eða endurhæfing hefur verið:



	Viðhorf gagnvart vinnu: Hvernig er áhugahvöt umsækjanda til vinnu, starfsþjálfunar eða náms?					
Notaðu kvarðann frá 0-5 til að meta áhuga	0 Engin áhugi: Hefur ekki áhuga á að taka þátt í vinnu eða starfsþjálfun)	1 Lítil áhugi: Hefur lítinn áhuga og sér ekki mikinn tilgang með því að taka þátt í vinnu eða starfsþjálfun	2 Einhver áhugi til staðar: Hefur einhvern áhuga en þarf hvatningu til að byrja með eða halda áfram	3 Nokkur áhugi til staðar: Hefur áhuga á að taka þátt í vinnu eða starfsþjálfun og tekur virkan þátt ef skilyrði eru rétt	4 Mikill áhugi til staðar: Er mjög áhugasamur og leitar sjálfur að tækifærum til að vinna eða þjálfa sig	5 Get ekki svarað /hef ekki nægar upplýsingar til að meta ?

Næst þarf að fylla út heildrænt mat á færni umsækjanda í daglegu lífi og þátttöku. Við hverja spurningu er kvarði.

HEILDRÆNT MAT Á FÆRNI UMSÆKJANDA Í DAGLEGU LÍFI OG ÞÁTTTÖKU: Hér er lagt mat á færniskerðingu umsækjanda og áhrif hennar á getu hans til að sinna eftirfarandi þáttum er varða virkni, þátttöku og sjálfstæði eins og staða hans er í dag með hjálpartækjum ef við á.					
Nám og beiting þekkingar	Vinsamlega leggðu mat færniskerðingar umsækjanda með hliðsjón af því hvernig umsækjanda gengur að tileinka sér nýja hluti, muna upplýsingar og nota þekkingu til að leysa verkefni í daglegu lífi. Hvernig umsækjanda tekst að vinna með nýja þekkingu og nýta hana við úrlausn verkefna og vandamála.				
0 Engin eða óveruleg færniskerðing: Yfirleitt engin skerðing á færni vegna þessa þáttar, full geta.	1 Væg færniskerðing: Skert færni kemur stundum fram við vissar aðstæður, án þess þó að trufla daglegt líf	2 Nokkur færniskerðing: Skert færni kemur nokkuð oft eða oft fram, en veldur ekki alvarlegri truflun í daglegu lífi.	3 Mikil færniskerðing: Skert færni er viðvarandi eða mjög algeng og getur valdið alvarlegri truflun á daglegu lífi.	4 Mjög mikil eða algjör færniskerðing: Skert færni er mikil og viðvarandi, kemur í veg fyrir að einstaklingur geti sinnt daglegu lífi	5 Veit ekki



Tjáskipti:	Vinsamlega leggðu mat á færniskerðingu umsækjanda með hliðsjón af því hvernig umsækjanda gengur að miðla og móttaka upplýsingum bæði munnlega, með óyrtri tjáningu og skriflega. Hvernig umsækjanda tekst að skilja aðra og vera skilinn í daglegum samskiptum t.d. með því að senda skilaboð, halda uppi samræðum og nota samskiptatæki eða tækni				
0 Engin eða óveruleg færniskerðing: Yfirleitt engin skerðing á færni vegna þessa þáttar, full geta.	1 Væg færniskerðing: Skert færni kemur stundum fram við vissar aðstæður, án þess þó að trufla daglegt líf	2 Nokkur færniskerðing: Skert færni kemur nokkuð oft eða oft fram, en veldur ekki alvarlegri truflun í daglegu lífi.	3 Mikil færniskerðing: Skert færni er viðvarandi eða mjög algeng og getur valdið alvarlegri truflun á daglegu lífi.	4 Mjög mikil eða algjör færniskerðing: Skert færni er mikil og viðvarandi, kemur í veg fyrir að einstaklingur geti sinnt daglegu lífi	5 Veit ekki
Hreyfanleiki:	Vinsamlega leggðu mat á færniskerðingu umsækjanda með hliðsjón að því hvernig umsækjanda gengur að flytja sig/fara á milli staða og sinna daglegri hreyfingu. Hvernig umsækjanda tekst að halda jafnvægi, færa sig á milli staða og ganga styttri vegalengdir.				
0 Engin eða óveruleg færniskerðing: Yfirleitt engin skerðing á færni vegna þessa þáttar, full geta.	1 Væg færniskerðing: Skert færni kemur stundum fram við vissar aðstæður, án þess þó að trufla daglegt líf	2 Nokkur færniskerðing: Skert færni kemur nokkuð oft eða oft fram, en veldur ekki alvarlegri truflun í daglegu lífi.	3 Mikil færniskerðing: Skert færni er viðvarandi eða mjög algeng og getur valdið alvarlegri truflun á daglegu lífi.	4 Mjög mikil eða algjör færniskerðing: Skert færni er mikil og viðvarandi, kemur í veg fyrir að einstaklingur geti sinnt daglegu lífi	5 Veit ekki
Eigin umsjá/ Sjálfsömnun:	Vinsamlega leggðu mat á færniskerðingu umsækjanda með hliðsjón að því hvernig umsækjanda gengur að sinna eigin umsjá og grunnþörfum. Hvernig umsækjanda tekst að nærast og sinna/viðhalda persónulegu hreinlæti þ.e. að þvo sér, snyrta og klæða.				



0 Engin eða óveruleg færniskerðing: Yfirleitt engin skerðing á færni vegna þessa þáttar, full geta.	1 Væg færniskerðing: Skert færni kemur stundum fram við vissar aðstæður, án þess þó að trufla daglegt líf	2 Nokkur færniskerðing: Skert færni kemur nokkuð oft eða oft fram, en veldur ekki alvarlegri truflun í daglegu lífi.	3 Mikil færniskerðing: Skert færni er viðvarandi eða mjög algeng og getur valdið alvarlegri truflun á daglegu lífi.	4 Mjög mikil eða algjör færniskerðing: Skert færni er mikil og viðvarandi, kemur í veg fyrir að einstaklingur geti sinnt daglegu lífi	5 Veit ekki
Heimilislíf:	Vinsamlega leggðu mat á færniskerðingu umsækjanda með hliðsjón að því hvernig umsækjanda gengur að sinna daglegum verkefnum tengdum heimilislífi. Hvernig umsækjanda tekst að sinna heimilislíf þ.e. að elda, stýra húsverkum og þrifa húsnaði.				
0 Engin eða óveruleg færniskerðing: Yfirleitt engin skerðing á færni vegna þessa þáttar, full geta.	1 Væg færniskerðing: Skert færni kemur stundum fram við vissar aðstæður, án þess þó að trufla daglegt líf	2 Nokkur færniskerðing: Skert færni kemur nokkuð oft eða oft fram, en veldur ekki alvarlegri truflun í daglegu lífi.	3 Mikil færniskerðing: Skert færni er viðvarandi eða mjög algeng og getur valdið alvarlegri truflun á daglegu lífi.	4 Mjög mikil eða algjör færniskerðing: Skert færni er mikil og viðvarandi, kemur í veg fyrir að einstaklingur geti sinnt daglegu lífi	5 Veit ekki
Samskipti og tengsl:	Vinsamlega leggðu mat á færniskerðingu umsækjanda með hliðsjón að því hvernig umsækjanda gengur að deila upplýsingum, og koma skoðunum sínum á framfærir. Hvernig umsækjanda tekst að mynda, viðhalda og rækta félagsleg tengsl t.d. við fjölskyldu, vini og samstarfsfélaga				
0 Engin eða óveruleg færniskerðing: Yfirleitt engin skerðing á færni vegna þessa þáttar, full geta.	1 Væg færniskerðing: Skert færni kemur stundum fram við vissar aðstæður, án þess þó að trufla daglegt líf	2 Nokkur færniskerðing: Skert færni kemur nokkuð oft eða oft fram, en veldur ekki alvarlegri truflun í daglegu lífi.	3 Mikil færniskerðing: Skert færni er viðvarandi eða mjög algeng og getur valdið alvarlegri truflun á daglegu lífi.	4 Mjög mikil eða algjör færniskerðing: Skert færni er mikil og viðvarandi, kemur í veg fyrir að einstaklingur geti sinnt daglegu lífi	5 Veit ekki



Meginsvið daglegs lífs:	Vinsamlega leggðu mat á færniskerðingu umsækjanda með hliðsjón að því hvernig umsækjanda gengur að taka þátt í og takast á við þær kröfur sem fylgja því að vera í námi, starfi eða öðrum verkefnum sem starfsþjálfun.				
0 Engin eða óveruleg færniskerðing: Yfirleitt engin skerðing á færni vegna þessa þáttar, full geta.	1 Væg færniskerðing: Skert færni kemur stundum fram við vissar aðstæður, án þess þó að trufla daglegt líf	2 Nokkur færniskerðing: Skert færni kemur nokkuð oft eða oft fram, en veldur ekki alvarlegri truflun í daglegu lífi.	3 Mikil færniskerðing: Skert færni er viðvarandi eða mjög algeng og getur valdið alvarlegri truflun á daglegu lífi.	4 Mjög mikil eða algjör færniskerðing: Skert færni er mikil og viðvarandi, kemur í veg fyrir að einstaklingur geti sinnt daglegu lífi	5 Veit ekki
Frístundir og áhugamál:	Vinsamlega leggðu mat á færniskerðingu umsækjanda með hliðsjón að því hvernig umsækjanda gengur að taka þátt í tómstundum, áhugamálum, félagstörfum eða öðrum viðburðum utan heimilis.				
0 Engin eða óveruleg færniskerðing: Yfirleitt engin skerðing á færni vegna þessa þáttar, full geta.	1 Væg færniskerðing: Skert færni kemur stundum fram við vissar aðstæður, án þess þó að trufla daglegt líf	2 Nokkur færniskerðing: Skert færni kemur nokkuð oft eða oft fram, en veldur ekki alvarlegri truflun í daglegu lífi.	3 Mikil færniskerðing: Skert færni er viðvarandi eða mjög algeng og getur valdið alvarlegri truflun á daglegu lífi.	4 Mjög mikil eða algjör færniskerðing: Skert færni er mikil og viðvarandi, kemur í veg fyrir að einstaklingur geti sinnt daglegu lífi	5 Veit ekki

Vinsamlegast merktu við það sem á við:

Fyrsta endurhæfingaráætlun

(ef ekki hefur verið sótt um endurhæfingarlífeyri áður)

Framhalds endurhæfingaráætlun

(ef sótt hefur verið um áður, óháð því hvar endurhæfing hófst)



EF um framhald er að ræða þá bætast við þessar spurningar.

Hver var framvinda fyrri endurhæfingartímabils?

Vinsamlegast merktu við þá staðhæfingu sem best lýsir framvindu fyrri endurhæfingartímabils

- 0** Engin framvinda, gekk illa
- 1** Lítil framvinda/ lítil breyting
- 2** Meðal framvinda/ nokkur breyting
- 3** Mikil framvinda/mikil breyting
- 4** Mjög góð framvinda/ náði öllum markmiðum
- 5** Veit ekki

Nánari útskýring varðandi framvindu fyrri endurhæfingartímabils

Valkvætt:



Hvernig sinnti umsækjandi endurhæfingarúrræðum á fyrra endurhæfingartímabili?

Vinsamlegast merktu við viðeigandi prósentu sem lýsir meðaltali mætinga í endurhæfingarúrræði:

- ☐ : 0 -20%
- ☐ : 21 -40 %
- ☐ : 41-60%
- ☐ : 61-80 %
- ☐ : 81-100%
- ☐ : Veit ekki

Nánari útskýring varðandi mætingar í endurhæfingarúrræði á fyrra tímabili

Valkvætt:



Varð breyting á þeim endurhæfingarúræðum eða stefnu sem lögð var upp með í fyrri endurhæfingaráætlun?

- ☐ Já
- ☐ Nei
- ☐ Veit ekki

Ef já þá þarf nánari útskýringu á þeim breytingum og ástæðum þeirra:

Hafa orðið breytinga á aðstæðum umsækjanda frá fyrri endurhæfingartímabili?

- ☐ Já
- ☐ Nei
- ☐ Veit ekki

Ef já þá þarf nánari útskýringu á þeim breytingum og ástæðum þeirra:

----- hingað – næstu spurningar eiga líka við fyrstu umsókn.



Áhersla og stefna í endurhæfingu

Skráðu helstu áherslu og stefnu í endurhæfingunni:

Markmið tengd líkamlegri heilsu

Hér er skráð stutt og hniðmiðuð markmið tengd líkamlegum vanda umsækjanda.

Líkamlegur vandi vísar til skerðinga eða truflana á líkamlegri starfsemi eða uppbyggingu líkamans. Vandinn getur stafað af sjúkdómum, meiðslum eða öðrum líkamlegum áföllum. Slíkur vandi getur haft áhrif á hreyfigetu, líkamsstöðu, skynjun, kraft, verki eða aðra líkamlega eiginleika og þannig takmarkað getu umsækjanda til að sinna daglegum athöfnum. Markmið geta stuðlað að aukinni líkamlegri virkni, getu og vellíðan í daglegu lífi.

☐ Á ekki við.

Úrræði:



Markmið tengd andlegri heilsu

Hér eru skráð stutt og hnitmiðuð markmið tengd andlegri heilsu.

Andleg heilsa vísar til skerðinga eða frávika í starfsemi hugans eða tilfinningalífs. Vandinn getur stafað af sjúkdómum, meiðslum eða öðrum áföllum. Slíkur vandi nær meðal annars til skynjunar, jafnvægis í tilfinningalífi, einbeitingu, minni, samskipta- eða aðlögunarhæfni og þannig takmarkað getu einstaklings til að sinna daglegum athöfnum. Markmið geta stuðlað að andlegu jafnvægi, vellíðan og sjálfstæði.

☐ Á ekki við.

Úrræði:



Markmið tengd virkni og þátttöku

Hér eru skráð stutt og hnitmiðuð markmið tengd virkni og þátttöku.

Virkni og þátttökuvandi vísar til getu við að taka þátt í samfélaginu og sinna daglegum athöfnum. Vandinn getur stafað af sjúkdómum, meiðslum, öðrum áföllum og umhverfispáttum. Slíkur vandi getur falið í sér takmarkanir á getu til að sinna eða uppfylla hlutverk í fjölskyldu, tómstundum, námi, vinnu eða öðrum félagslegum aðstæðum. Markmið geta stuðlað að því að efla virkni og færni í að takast á við daglegt líf, auka félagslega þátttöku, sjálfstæði, að takast á við samfélagslega aðstæður og getu til náms/starfa.

☐ Á ekki við.

Úrræði:

Ákveðin er áætluð tímalengd sem sótt er um –

- Hægt er að sækja um 12 mánuði í einu, einungis er hægt að velja heila mánuði.



Hlutverk umsækjanda

Þegar einstaklingur sækir um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur þarf hann að fylla út umsókn á island.is. Viðkomandi getur **ekki** fyllt út umsókn nema að fyrir liggi læknisvottorð, staðfesting eða endurhæfingaráætlun.

Í umsóknarferlinu þarf viðkomandi að fylla út eða staðfesta eftirfarandi atriði:

- Hvenær veikindarétti frá vinnuveitanda lauk (ef við á)
- Hvenær sjúkrasjóðsréttindum frá stéttarfélagi lýkur/lauk (ef við á)
- Tekjuáætlun
- Sjálfsmatslista

Umsækjandi um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur er upplýstur um að TR muni sækja rafrænt upplýsingar frá öðrum stofnunum svo hægt sé að meta rétt til greiðslna.


Ef umsækjandi er í hlutanámi eða hlutastarfi þarf að berast staðfesting á fjöldi eininga frá menntastofnun eða starfshlutfalli frá atvinnurekanda.

Ef viðkomandi kemur til landsins frá landi sem er utan EES-svæðis mun TR afla gagna frá Útlendingastofnun varðandi dvalarleyfi.

Umsókn einstaklings verður ekki tekin fyrir nema að fyrir liggi öll gögn svo hægt sé að meta rétt til sjúkra- og endurhæfingargreiðslna.



Dæmi um umsóknarferil þegar viðkomandi er í virki endurhæfingu



Forsenda þess að sækja um sjúkra- og endurhæfingargreiðslur rafrænt eru rafræn skilríki. Í þeim tilfellum þar sem rafrænt skilríki er ekki til staðar, getur viðkomandi leitað til TR. Starfsfólk TR getur fyllt út umsóknina rafrænt með viðkomandi, en þá þarf að liggja fyrir læknisvottorð, staðfesting eða endurhæfingaráætlun.